

Nd.

544. Frumvarp til laga

[216. mál]

um sjúkraþjálfun.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

1. gr.

Rétt til að starfa sem sjúkraþjálfarar hér á landi hafa þeir einir, sem hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra að fengnum meðmælum landlæknis og stjórnar Félags Íslenskra sjúkraþjálfara. Löggiltir sjúkraþjálfarar skulu hafa lokið námi í sjúkraþjálfun (fysiotherapi) við skóla í þeirri grein, sem viðurkenndur er sem fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í, eða hafa menntun, sem því jafngildir að dómi þeirra aðila, sem gefa þurfa meðmæli samkvæmt grein þessari. Einnig má löggilda þá, sem starfað hafa í þessari grein, þegar lög þessi öðlast gildi, ef meðmæli fást frá ofangreindum aðilum.

2. gr.

Sjúkraþjálfun (fysiotherapi) er meðferð, sem sjúkum er veitt í lækningaskyni með nuddi, æfingum, ljósum, hita og rafmagni.

Löggiltum sjúkraþjálfara ber að meðhöndla sjúklinga einungis samkvæmt fyrirmælum lækna.

3. gr.

Ekki mega lækna hafa í þjónustu sinni annað fólk til að framkvæma sjúkraþjálfun en löggilta sjúkraþjálfara.

4. gr.

Óheimilt er að ráða aðra en þá, sem eru fullgildir sjúkraþjálfarar samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra starfa við sjúkrahús, elliheimili, hressingarhæli, barnahæli og aðrar þess háttar stofnanir eða að skólum til starfa við sjúkraleikfimi.

5. gr.

Um sjúkraþjálfara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota sjúkraþjálfara, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu löggildingar. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni Félags Íslenskra sjúkraþjálfara. Í þeim félagsskap eru aðeins þeir sjúkraþjálfarar, sem stundað hafa nám í grein sinni við viðurkennda skóla erlendis og lokið þaðan tilskildum prófum. Hér á landi starfar enginn skóli í þessari grein.

Tilgangur þessa frv. er tvíþættur. Annars vegar lýtur það að því að tryggja þeim sjúkraþjálfurum, sem lokið hafa námi í sérgrein sinni, rétt til að starfa við sjúkraþjálfun fram yfir þá, sem ekki hafa til starfsins lært. Hins vegar lýtur það að öryggi þeirra sjúklinga, er á sjúkraþjálfun þurfa að halda. Á miklu veltur fyrir heilsu þeirra, að sú meðferð sé framkvæmd á réttan hátt, og því þeirra hagur, að þeir einir hafi heimild til að stunda þetta starf, sem til þess hafa kunnáttu.

Í lögum nr. 47 frá 1932 eru ákvæði um svokallað takmarkað lækningaleyfi. Samkvæmt þeim er það veitt tannlæknum, nuddurum, sem tekið hafa upp starfsheitið sjúkraþjálfarar, og öðrum að fullnægðum nánar greindum skilyrðum í lögunum. Felur það í sér heimild til að stunda sjúklinga undir eftirliti læknis.

Ákvæði skortir í lögum til að vernda rétt lærðra sjúkraþjálfara til starfa. Á meðan svo stendur, er félagsskapur þeirra hér á landi ekki viðurkenndur sem þátttakandi í Alþjóðasamtökum sjúkraþjálfara, og hlýzt vitanlega af því ýmiss konar óhagræði.

Sérstök lög gilda hér á landi um tannlækna, ljósmæður og hjúkrunarkonur. Má segja, að sá flokkur heilbrigðisstarfsmanna, sem frv. þetta fjallar um, hafi þar orðið afskiptur og fyllsta ástæða sé til að bæta þar um.

Fylgiskjal.

Greinargerð frá formanni Félags íslenzkra sjúkraþjálfara,
frú Vivian Svavarsson.

Nudd og sjúkraefingar, „fysioterapi“, eða sjúkraþjálfun eru gömul lækninga- aðferð, þó að hún hafi ekki lengi verið almennt notuð á Íslandi. Í nágrannalöndum og um allan heim hafa kröfur aukizt um hæfni og menntun þeirra, sem starfa í þessari grein, og ákveðnar reglur verið settar þar að lútandi. Hér á landi er enginn skóli starfandi, sem veitir nauðsynlega menntun til þessa starfa, og því hefur orðið að leita þeirrar menntunar til annarra landa. Hins vegar hefur komið fyrir, að lítið menntaðar eða jafnvel ómenntaðar stúlkur hafi fengizt við þetta starf. Þar sem nudd og sjúkraefingar, „fysiurgi“, eru talin sérgrein í lækningum, er mjög óheppi- legt, að það fái lengur viðgengizt, að ólærðu fólki leyfist að starfa í þessari grein, þó að það gerist að nafninu til undir eftirliti læknis, þar sem slíkt eftirlit getur aldrei verið fullnægjandi. Þær kröfur verður einnig að gera til menntunar þeirra, sem við þetta starfa, að þeir séu í engu eftirbátar starfsfélaga sinna í öðrum löndum.

Samtök þeirra löggiltra „nuddkvenna“, sem lokið hafa prófi frá löggiltum skól- um erlendis, hafa verið starfandi í 20 ár. En félag þeirra, Félag íslenzkra sjúkra- þjálfara, getur ekki án stuðnings laga haft eftirlit með því, að ólært fólk starfi ekki í þessari grein. Þar sem hér er fyrst og fremst um heill og öryggi sjúklinga að ræða, er hæði sjálfsagt og nauðsynlegt, að svipuð lög verði sett um nuddkonur og á sínum tíma voru sett um hjúkrunarkonur.